

Starfslýsing skólahjúkrunarfræðings.

Skólahjúkrunarfræðingur er í skólanum einn dag í viku. Hjúkrunarfræðingurinn sinnir margvíslegri fræðslu, t.d. um hvíld, tannhirðu, næringu og kynfræðslu. Einnig fylgist hjúkrunarfræðingurinn með líkamlegri og andlegri heilsu nemenda, gerir mælingar á hæð og þyngd og sjónpróf.

Skólahjúkrunarfræðingurinn ræðir við alla nemendur einslega með reglulegu millibili og einstaka nemendur oftár ef þörf er á.

Ef upp koma mál eins og einelti eða áföll af einhverju tagi verða kennarar, skólastjóri og foreldrar/forráðamenn að taka á því í sameiningu, ef þörf krefur með hjálp skólahjúkrunarfræðings og/eða sálfræðings.

Áður en nemendur byrja í 1. bekk er haldinn svokallaður skilafundur þar sem leikskólinn skilar af sér nemendum í grunnskólann. Þennan skilafund sitja leikskólastjóri, skólastjóri, umsjónarkennari 1. bekkjar, fagstjóri stuðningskennslu og skólahjúkrunarfræðingur